

SAMNINGUR VIÐ STAÐFESTINGARAÐILA

Í TENGLUM VIÐ SKULDASKJALAÚTGÁFU SÍMANS HF. Á MILLI ÚTGEFANDA OG STAÐFESTINGARAÐILA

Samningur þessi er á milli ráðgjafarsviðs KPMG ehf., kt. 590975-0449 (hér eftir nefnt „KPMG“ eða „staðfestingaraðili“) og Símans hf. kt. 460207-0880, Ármúla 25, 108 Reykjavík (hér eftir nefndur „Síminn“, „útgefandi“ eða „félagið“) um ráðningu staðfestingaraðila vegna skuldaskjalaútgáfu Símans (hér eftir nefnt „verkefnið“).

Útgefandi hefur þegar gefið út skuldaskjöl í samræmi við útgáfuramma dags. 11. maí 2023 og aukinn útgáfuramma dags. 26. júlí 2023.

Með samþykkt stjórnar útgefanda þann 24. nóvember 2025 var útgáfurammi útgefanda stækkaður úr 6 ma.kr. í 9 ma.kr. (hér eftir „útgáfuramminn“). Viðauki dags. 26. nóvember 2025 um stækkun útgáfurammans hefur verið gerður við grunnlýsingu dags. 22. september 2025. Útgefandi hefur því heimild til að gefa út skuldabréf og/eða víxla (hér saman nefnd „skuldaskjöl“) þar sem samanlagt nafnverð útgefinna skuldaskjala skal ekki vera umfram 9 ma.kr.

Útgefandi hefur af þessu tilefni farið þess á leit að KPMG annist hlutverk staðfestingaraðila vegna skilmála sem settir eru fram í útgáfulýsingu vegna skuldaskjala sem gefin eru út eftir dagsetningu þessa samnings.

1. SKIPAN, HLUTVERK OG HÆFI KPMG OG UMFANG ÞJÓNUSTU

- 1.1. Í útgáfurammanum er kveðið á um skipan staðfestingaraðila í tengslum við útgáfu skuldaskjala. Í hlutverkinu felst að staðfesta skilmála sem lýst er nánar í kaflanum um skyldur útgefanda. Hlutverk staðfestingaraðila nær ekki til annarra atriða en leiða af samningi þessum.
- 1.2. Staðfestingaraðili skal búa yfir nægilegri þekkingu til að gegna starfinu. Staðfestingaraðili skal á gildistíma samnings þessa vera óháður félaginu í störfum sínum.
- 1.3. Staðfestingaraðili skal ávallt á meðan hann gegnir hlutverki staðfestingaraðila vera með lögbundna og gilda starfsábyrgðartryggingu gagnvart tjóni sem kann að hljóta af störfum hans. Staðfestingaraðili og sá starfsmaður sem sinnir verkum hans mega ekki á undanförunum fimm árum hafa verið lýstir gjaldþrota, leitað nauðasamninga eða heimildar til greiðslustöðvunar, eða hlotið dóm fyrir brot á lögum í tengslum við fyrirtækjarekstur.
- 1.4. Staðfestingaraðili gerir sér grein fyrir því að verðbréf útgefanda eru skráð á skipulegum verðbréfamarkaði. Þær aðstæður geta því skapast að staðfestingaraðili teljist vera innherji, sbr. meðal annars ákvæði laga nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum og reglugerð Evrópuþingsins og ráðins (ESB) nr. 596/2014 um markaðssvik. Staðfestingaraðili skuldbindur sig til að vera upplýstur um slíkar reglur eins og þær eru á hverjum tíma og haga störfum sínum til samræmis við þær.
- 1.5. KPMG er endurskoðandi útgefanda. Verkefni þetta hefur farið í gegnum samþykktarferli í samræmi við verklag KPMG sem er til þess fallið að tryggja sem best að óhæði KPMG sem endurskoðanda sé gætt. Við framkvæmd verkefnisins verður gætt að öllum kröfum siðareglna endurskoðenda og lögð verður sérstök áhersla á að aðkoma KPMG að verkefni þessu skapi ekki hættu á því að koma KPMG í þá stöðu að endurskoða eigin vinnu. Með undirritun sinni staðfestir útgefandi að hann gerir hvorki nú né síðar athugasemdir við þetta fyrirkomulag.

- 1.6. Vinna KPMG við verkefnið er frábrugðin, bæði í umfangi og markmiðum, frá hefðbundinni endurskoðun og sambærilegum skoðunum. Þess vegna mun KPMG ekki gefa út álit eða aðra staðfestingu á reikningsskilum félagsins eða innra eftirliti í þessu verkefni.
- 1.7. Þótt staðfestingaraðili sé upphaflega ráðinn af útgefanda eru starfsskyldur hans alfarið gagnvart eigendum skuldaskjala (hér eftir nefndir „kröfuhafar“). Útgefandi hefur ekkert boðvald yfir staðfestingaraðila og er óheimilt að hafa áhrif á störf hans, nema að svo miklu leyti sem sérstaklega er kveðið á um slíkt í samningnum.

2. SKYLDUR ÚTGEFANDA

- 2.1. Útgefandi veitir hér með staðfestingaraðila fullt umboð til að sinna þeim skyldum sem honum eru faldar með samningnum.
- 2.2. Útgefandi skal framkvæma útreikning á hinum fjárhagslegu skilyrðum tvisvar sinnum á ári, eða strax í kjölfar birtingar ársreiknings og hálfársreiknings. Útgefandi skuldbindur sig til þess að afhenda staðfestingaraðila skýrslu um fjárhagsleg skilyrði innan 14 daga frá því að endurskoðaður ársreikningur eða hálfársreikningur liggur fyrir.
- 2.3. Skýrslunni skulu fylgja útreikningar og forsendur þeirra. Skýrsla um fjárhagsleg skilyrði skal vera á því formi og með því efni sem tilgreint er í viðauka 1 við samninginn og skulu þau gögn og þeir útreikningar sem lágu til grundvallar niðurstöðum fylgja. Útgefandi skal í skýrslu sinni staðfesta að fjárhagslegum skilyrðum sem tilgreind eru í endanlegum skilmálum hverrar útgáfu skuldaskjala sé fullnægt.
- 2.4. Við undirritun samningsins og í hvert skipti sem gefin eru út ný skuldaskjöl, skal útgefandi afhenda staðfestingaraðila afrit af þeim gögnum sem skuldbinda útgefanda í tengslum við viðeigandi útgáfu. Birting í fréttakerfi Nasdaq Iceland hf. telst nægjanleg birting að þessu leyti.

3. STAÐFESTING SKÝRSLU UM FJÁRHAGSLEG SKILYRÐI

- 3.1. Staðfestingaraðili skal yfirfara forsendur og útreikninga í skýrslu útgefanda sem útgefandi afhendir í tengslum við hálfárs- og ársreikninga, sbr. gr. 2.2. Ef óskað er eftir því að staðfestingaraðili yfirfari forsendur og útreikninga á fjárhagslegum skilyrðum skal staðfestingaraðili verða við þeirri beiðni.
- 3.2. Staðfestingaraðili skal gera útgefanda og umboðsmanni kröfuhafa grein fyrir niðurstöðu sinni svo fljótt sem verða má og eigi síðar en innan 14 daga frá móttöku skýrslu um fjárhagsleg skilyrði frá útgefanda. Ef KPMG er sammála forsendum og útreikningum útgefanda skal KPMG staðfesta viðkomandi skýrslu útgefanda í samræmi við viðauka 2. Ef staðfestingaraðili er ósammála forsendum eða útreikningum útgefanda skal staðfestingaraðili tilkynna útgefanda um athugasemdir sínar innan sama frests eða 14 dögum frá móttöku skýrslu útgefanda.
- 3.3. Staðfestingaraðili skal yfirfara þær upplýsingar sem hann fær frá útgefanda til að leggja mat á það hvort vanefndatilvik hafi átt sér stað, m.v. fjárhagsleg skilyrði sem tilgreind eru í endanlegum skilmálum hverrar útgáfu skuldaskjala.
- 3.4. KPMG skal senda útgefanda skýrslu sína sem birtir hana í fréttakerfi Nasdaq Iceland hf.
- 3.5. Staðfestingaraðili skal mæta á kröfuhafafundi sé hann boðaður, til þess að fara þar yfir forsendur sínar fyrir staðfestingu eða synjun skýrslu um fjárhagsleg skilyrði. Þá skal staðfestingaraðili, samkvæmt beiðni, afhenda umboðsmanni kröfuhafa og útgefanda öll gögn í tengslum við forsendur staðfestingaraðila fyrir ákvörðun sinni.
- 3.6. Efnahagsliðir skulu miðast við punktstöðu á uppgjörssdegi og rekstrarliðir við undangengna 12 (tólf) mánuði m.v. uppgjörssdag. Síminn skal upplýsa staðfestingaraðilann svo fljótt sem kostur er hvort að útgefandi uppfylli fjárhagslegu skilyrðin og afhenda skriflega staðfestingu þess efnis.

4. BREYTINGAR Á STAÐFESTINGARAÐILA

- 4.1. Vilji staðfestingaraðili láta af störfum skal hann þegar í stað upplýsa útgefanda um það og skal útgefandi þá, eins fljótt og kostur er, skipa nýjan staðfestingaraðila, með fyrirvara um samþykki umboðsmanns kröfuhafa.
- 4.2. Staðfestingaraðili sem lætur af störfum samkvæmt framangreindu skal laus undan skyldum sínum þegar hinn nýi staðfestingaraðili hefur staðfest skipun sína með undirritun aðildaryfirlýsingar, viðauki 3.
- 4.3. Missi staðfestingaraðili hæfi sitt á samningstímanum, sbr. kafla 2, skal hann tilkynna um slíkt til útgefanda og láta af störfum án tafar, og skal útgefandi þá, eins og fljótt og auðið er, skipa nýjan staðfestingaraðila með fyrirvara um samþykki umboðsmanns kröfuhafa.
- 4.4. Hafi útgefandi ekki samið við nýjan staðfestingaraðila 14 dögum eftir að honum verður kunnugt um að staðfestingaraðili hyggst láta af störfum getur umboðsmaður kröfuhafa samið við nýjan staðfestingaraðila. Skulu kröfuhafar greiða og bera ábyrgð á þóknun nýs staðfestingaraðila að því marki sem hún er hærri en þóknun fráfarandi staðfestingaraðila.
- 4.5. Þegar skipt er um staðfestingaraðila skal hinn nýi staðfestingaraðili, eftir að umboðsmaður kröfuhafa hefur samþykkt skipun hans, gangast undir að taka við öllum réttindum og skyldum staðfestingaraðila samkvæmt samningnum með undirritun aðildaryfirlýsingar í samræmi við fylgiskjal III við samninginn.

5. TILKYNNINGAR

- 5.1. Nema kveðið sé á um annað í samningnum, skulu allar tilkynningar og önnur samskipti sem eru gefin út eða afhent vegna samnings þessa vera skrifleg (í bréfi eða tölvupósti) og skulu sendast til útgefanda og staðfestingaraðila með sannanlegum hætti á eftirfarandi heimilisföng og/eða tölvupóstföng:

- (a) Ef til útgefanda:

Síminn hf.,
b.t. Hjörtur Þór Steindórsson,
Ármúla 25,
108 Reykjavík
hjortur.steindorsson@siminn.is

Síminn hf.,
b.t. Davíð Birgisson Scheving,
Ármúla 25,
108 Reykjavík
davidsch@siminn.is

- (b) Ef til staðfestingaraðila:

KPMG ehf.
b.t. Sigríðar Helgu Sveinsdóttur
Borgartúni 27,
105 Reykjavík
ssveinsdottir@kpmg.is

og:

KPMG ehf.
b.t. Gunnars Ragnarssonar
Borgartúni 27,
105 Reykjavík
gragnarsson@kpmg.is

Ef til Umboðsmanns kröfuhafa:
LOGOS slf.
b.t. Ólafs Arinbjarnar Sigurðssonar
Efstaleiti 5,
103 Reykjavík
olafurarinbjorn@logos.is

og:

LOGOS slf.
b.t. Benedikt Egils Árnasonar
Efstaleiti 5,
103 Reykjavík
benedikteggill@logos.is

6. RÁÐGJAFAR KPMG OG SAMSKIPTI

- 6.1. Sigríður Helga Sveinsdóttir, partner hjá KPMG mun leiða verkefnið og er ábyrgðarmaður þess. Til aðstoðar verður Gunnar Ragnarsson verkefnastjóri. Leitað verður til annarra sérfræðinga KPMG ehf. eða KPMG Law ehf. eftir þörfum.

Tengiliður Símans við KPMG er Davíð Birgisson Scheving í Fjárstýringu.

7. ÞÓKNUN KPMG

Verkkaupi skal greiða KPMG þóknun byggða á tímagjaldi starfsmanna á hverjum tíma samkvæmt verðskrá KPMG. Tímagjald starfsmanna tekur mið af stöðu, reynslu og þekkingu viðkomandi.

Reikningur verður sendur eftir því sem verkefninu miðar áfram. Reikningar KPMG verða sendir í gegnum skeytamiðlun.

Við veitingu þjónustu samkvæmt samningi þessum gæti verið þörf á að leita aðstoðar frá erlendum ráðgjöfum og mun KPMG almennt leita slíkrar aðstoðar frá öðrum KPMG fyrirtækjum á alþjóðavísu. Fyrirfram verður aflað samþykkis verkkaupa fyrir slíkri aðstoð og þóknun henni tengdri. Þóknun vegna erlendraráðgjafar er innheimt sérstaklega.

8. TRÚNAÐUR

- 8.1. Staðfestingaraðila er skylt að gæta fyllsta trúnaðar um hvaðeina sem hann verður áskynja um í störfum sínum á grundvelli samningsins, nema fyrir liggi skýr lagaákvæði eða úrskurður þar til bærs stjórnvalds eða dómstóls sem skylda hann til að láta af hendi slíkar upplýsingar. Trúnaðarskyldan helst eftir að staðfestingaraðili lætur af störfum.
- 8.2. Trúnaðarskyldan tekur ekki til upplýsingagjafar staðfestingaraðila sem honum er nauðsynleg til að vinna verk sín samkvæmt samningnum.

9. GILDISTÍMI

- 9.1. Samningur þessi tekur gildi við undirritun. Samningur þessi er ótímabundinn þar til annar aðilinn segir honum upp. Hvor aðili getur hvenær sem er sagt upp samningi þessum með skriflegri tilkynningu til hins aðilans með 3 mánaða fyrirvara. Uppsögn hefur ekki áhrif á nein réttindi sem annar hvor aðili kann að hafa öðlast áður en uppsögnin á sér stað, og öll sú þóknun sem greiða ber KPMG skal að fullu verða gjaldkræf þegar uppsögn kemur til framkvæmdar. Samningurinn verður tekinn til endurskoðunar ef verulegar breytingar verða á umfangi verkefna eða öðrum skilmálum samningsins sem hvor aðili telur nauðsynlegt að taka til endurskoðunar og ef breytingar verða á lögum, reglum eða stöðlum sem gilda um starfsemi KPMG.
- 9.2. Réttindi og skyldur einstakra kröfuhafa samkvæmt samningnum falla niður þegar allar skuldir gagnvart þeim, sem falla undir skuldaskjalaútgáfu, hafa verið greiddar upp að fullu og samningurinn fellur alfarið niður þegar allar skuldir hafa verið greiddar upp gagnvart öllum kröfuhöfum.

10. LÖG OG VARNARÞING

- 10.1. Um samning þennan gilda íslensk lög.
- 10.2. Rísi mál út af samningi þessum, skulu aðilar leitast við að leysa ágreining með samkomulagi sín á milli, en náist ekki að leysa úr ágreiningi með samkomulagi skal reka málið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

11. ÝMISLEGT

- 11.1. Allar breytingar á samningi þessum skulu gerðar skriflega og samþykktar af báðum aðilum.
- 11.2. Samningurinn er undirritaður með rafrænum hætti í samræmi við lög nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti.

F.h. KPMG ehf., sem staðfestingaraðili

Sigríður Helga Sveinsdóttir Partner

F.h. Símans hf.

Hjörtur Þór Steindórsson
Framkvæmdastjóri fjármála

Davíð Birgisson Scheving
Forstöðumaður fjárstýringar

VIÐAUKI 1
FORM AÐ SKÝRSLU UM FJÁRHAGSLEGA SKILYRÐI

[Staðfestingaraðili]

[staður og dagsetning]

Skýrsla um fjárhagslega skilyrði

Vísað er til samnings við staðfestingaraðila dags. [dagur] desember 2025. Hugtök sem skilgreind eru í samningi við staðfestingaraðila skulu hafa sömu merkingu og þeim er þar gefin.

Útgefandi hefur framkvæmt útreikning á fjárhagslegum skilyrðum, sbr. skýrslu þessa um fjárhagslega skilyrði, sem nú er afhent samhliða birtingu [[ársuppgjörs]/[hálfársuppgjörs]/[samnings við staðfestingaraðila]], þann [dags.].

Þann [dags.] voru viðkomandi fjárhagslega skilyrði eftirfarandi:

1. Eiginfjárlutfall

[útreikningur eiginfjárlutfall]

Samkvæmt framangreindu er það mat útgefanda að hann uppfylli þau fjárhagsleg skilyrði sem fram koma í skilmálum skuldaskjala.

Meðfylgjandi eru upplýsingar og gögn vegna framangreindra útreikninga.

[staður og dagsetning]

Fyrir hönd Símans hf.

VIÐAUKI 2
FORM AÐ STAÐFESTINGU Á SKÝRSLU UM FJÁRHAGSLEGA SKILYRÐI
vegna prófunar í tengslum við ársreikning/árshlutareikning

[Umboðsmaður kröfuhafa]

Síminn hf.

[•]

[•]

[staður og dagsetning]

[Staðfesting] [Synjun á staðfestingu] á skýrslu um fjárhagslega skilyrði.

Vísað er til samnings við staðfestingaraðila, dags. [dagur] desember 2025. Hugtök sem skilgreind eru í samningi við staðfestingaraðila og/eða lýsingu skulu hafa sömu merkingu og þeim er þar gefin.

Vísað er til skýrslu útgefanda um fjárhagsleg skilyrði, dags. [•].

Staðfestingaraðili hefur farið yfir skýrslu útgefanda um fjárhagsleg skilyrði sem liggur til grundvallar og aðrar upplýsingar sem skýrslan byggir á að yfirfara forsendur og útreikninga í skýrslu útgefanda.

Útgefandi staðfestir að framangreindar aðgerðir séu viðeigandi við yfirferð á skýrslu um fjárhagsleg skilyrði og uppfyllir þær kröfur sem koma fram í kafla 3 í framangreindum samningi við staðfestingaraðila.

Skyldur útgefanda eru skilgreindar í kafla 2 í framangreindum samningi.

Vinna staðfestingaraðila var framkvæmd í samræmi við uppfært og yfirfarið staðlað verklag ISRS 4400 (e. International Standard on Related Services). Staðfestingaraðili starfar í samræmi við almennar siðareglur endurskoðanda og hefur uppfyllt viðeigandi kröfur laga um endurskoðendur og International Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code), þ.m.t. meginreglur um heilindi, hlutlægni, faglega hæfni og kröfur um sjálfstæði. Staðfestingaraðili er óháður útgefanda í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur.

Staðfestingaraðili hefur innleitt alþjóðlegan staðal um gæði, ISQM 1, sem innheldur kröfur um að fyrirtækið hanni, innleiði og starfræki gæðastjórnunarkerfi, þ.m.t. stefnur eða verklagsreglur sem tryggja fylgni við siðareglur og aðrar gildandi reglur og lög.

Að lokinni sjálfstæðri yfirferð eru niðurstöður staðfestingaraðila eftirfarandi:

Þann [dags.] voru viðkomandi fjárhagslegar skilyrði eftirfarandi:

1. Eiginfjárlutfall

[útreikningur eiginfjárlutfalls]

[Yfirferð staðfestingaraðila á fjárhagslegum skilyrðum samræmist mati útgefanda og skýrsla um fjárhagslega skilyrði því staðfest.]

[Eftirfarandi eru athugasemdir staðfestingaraðila við mat útgefanda sem fram kemur í skýrslu um fjárhagsleg skilyrði: [•]]

[staður og dagsetning]

Fyrir hönd staðfestingaraðila

VIÐAUKI 3 FORM AÐ AÐILDARYFIRLÝSINGU NÝS STAÐFESTINGARAÐILA

[umboðsmaður kröfuhafa]

Síminn hf.

[•]

[staður og dagsetning]

Aðildaryfirlýsing staðfestingaraðila

Vísað er til við staðfestingaraðila, dags. [dagur] desember 2025.

Í samræmi við ákvæði í samningi við staðfestingaraðila, hefur undirritaður verið skipaður staðfestingaraðili og tekur sem slíkur við því hlutverki, ásamt öllum þeim réttindum og skyldum sem því fylgja, frá og með undirritun á yfirlýsingu þessa.

Fyrri staðfestingaraðili skal hér með vera leystur undan þeim réttindum og skyldum sem hann hafði sem slíkur, að því undanskildu að hann ber áfram ábyrgð á ráðstöfunum sínum sem hann framkvæmdi í því hlutverki.

Allar tilkynningar og önnur samskipti sem eru gefin út eða afhent skulu sendast til staðfestingaraðila með sannanlegum hætti á eftirfarandi heimilisfang og/eða tölvupóstfang, sbr. grein 9 í samningi við staðfestingaraðila:

[Staðfestingaraðili], [Heimilisfang] [Tölvupóstfang]

[staður og dagsetning]

Staðfestingaraðili

[Framangreint staðfest sem fyrri staðfestingaraðili]
